



## Forseti, góðir bæjarfulltrúar

Frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 – 2018 er hér lagt fram til fyrri umræðu í Bæjastjórn Hafnarfjarðar.

Vinna við frumvarpið hófst í lok ágúst s.l. Stefna okkar er að breyta fyrirkomulaginu við gerð fjárhagsáætlunar þannig að vinnan hefjist að vori og snemma hausts liggja fyrir drög að fjárhagsáætlun. Með því gefst meiri tími og svigrúm fyrir m.a kjörna fulltrúa að koma að fjárhagsáætlunargerðinni. Nánari útfærsla á þessari vinnutilhögun verður kynnt í byrjun næsta árs. Þá verður einnig kynnt vinnutilhögun við að fylgja fjárhagsáætluninni eftir innan ársins og hvernig mánaðarlegri upplýsingargjöf til bæjarráðs um fjármál og rekstur verður háttað.

Ljóst er að mikil vinna er framundan þar til að síðari umræða um fjárhagsáætlunina fer fram. Frumvarpið eins og það er lagt fram hér gerir einungis ráð fyrir 178 milljón kr. í tekjuafgang A- og B-hluta. A-hlutinn skilar halla upp á 398 milljónir kr. þannig að það eru B-hluta stofnanir sem eru að bera uppi tekjuafganginn. Að mínu mati gengur það ekki. Gera verður ráð fyrir a.m.k. 500 til 600 millj. kr. í rekstrarafgang við endanlega afgreiðslu frumvarpsins. Það er því ljóst að bæta þarf afkomu A-hlutans umtalsvert á milli umræðna.

Nauðsynlegt er að tryggja a.m.k. 10% veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum. Verði það ekki munu vaxtakjör á lánum sem tekin voru vegna endurfjármögnunar hækka skv. samningum þar um og munum við þá ekki standast samkomulag við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um lækkun skulda o.s.frv. Með samstilltu átaki okkar starfsmanna, kjörninna fulltrúa og bæjarbúa er ég viss um að okkur mun takast þetta.

Frumvarpið eins og það er lagt fram núna gerir ráð fyrir að mestu óbreyttum rekstri frá því sem verið hefur á yfirstandandi ári að teknu tilliti til verðlagshækkana og kostnaðarhækkana vegna kjarasamninga. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir gjaldskráhækkunum nema hjá hafnarsjóði. Eftir er að taka tillit til einhvers kostnaðarauka, svo sem við að leysa húsnæðisvanda Áslandsskóla og Hraunvallaskóla. Stefnt er að því að tillögur að lausn húsnæðisvanda skólanna liggja fyrir ekki seinna en í lok næsta mánaðar. Gert verður ráð fyrir þeim lausnum við afgreiðslu frumvarpsins við síðari umræðu.

Einnig liggja enn ekki fyrir ýmsar mikilvægar upplýsingar um atriði sem hafa áhrif á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Má þar m.a. nefna að útreikningur fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði liggur ekki fyrir og ný þjóðhagsspá hefur ekki verið birt.

Af þessu má ljóst vera að mikil og vandasöm vinna er framundan áður en frumvarp að fjárhagsáætlun vegna ársins 2015 verður endanlega afgreitt. Miðað við stöðuna núna þarf að bæta afkomuna um a.m.k. 400 til 500 millj. kr. og ef útgjaldaliðir bætast við umfram tekjuaukningu er ljóst að bæta þarf afkomuna enn meira.

Í 65. grein sveitarstjórnarlaganna segir m.a.: „Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins..“.

Á undanförunum árum hef ég komið nokkuð að rekstri sveitarfélaga og opinberum rekstri. Í þeirri vinnu hef ég velt þessu ákvæði sveitarstjórnarlaga mikið fyrir mér og finnst að því mætti gefa meiri gaum. Í störfum mínum sem bæjarstjóri mun ég hafa ákvæði þessara greinar að leiðarljósi og mun leggja áherslu á þetta ákvæði í þeirri vinnu sem framundan er.

Við ætlum að veita góða og framsækna þjónustu með sem lægstum tilkostnaði á hverjum tíma. Til þess að ná því markmiði verður að leggja áherslu á árvekni.

Framundan er greining á rekstri og þjónustu sveitarfélagsins. Markmiðið er að tillögur til úrbóta, verði lagðar fram í byrjun næsta árs. Þegar niðurstöður vinnunnar liggja fyrir verður stefnan mörkuð enn frekar, langtímaáætlanir um hvernig þjónustu við viljum veita verða endurskoðaðar, hvar og hvort við getum gert betur og hvernig við ætlum að framkvæma það. Þetta er metnaðarfull leið og ég fullyrði að með þessu verður Hafnarfjörður í fremstu röð sveitarfélaga á landinu. Í kjölfarið verður lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2015.

Í dag eru bæjarbúar 27.725, við erum ungt sveitarfélag í þeirri merkingu að stærstur hluti bæjarbúa er ungt fjölskyldufólk, með börn á leik- og grunnskólaaldri. Bæjarbúum hefur verið að fjölga jafnt og þétt og í fjárhagsáætlun ársins 2015 er reiknað með að íbúum fjölgi um 1,1 % sem ég tel að sé varlega áætlað.

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með heildarútgjöld um 20 milljarðar króna og eru áætluð laun um 10 milljarðar og áætlaður fjármagnskostnaður um 1,6 milljarður króna. Starfsmenn sveitarfélagsins eru um 1.900 og því er Hafnarfjarðarbær eitt af stærstu fyrirtækjum landsins ef hægt er að tala um sveitarfélag sem fyrirtæki.

**Fræðsluþjónustan:** Framlög hækka á milli ára um 1.069 m.kr. eða 13%. Þar veða mest nýir kjarasamningar grunn- og leikskólakennara en launaliðir hækka um 740 m.kr. kr. eða 13%.

Á yfirstandandi ári er um 90 milljónum kr. varið til þróunar og nýsköpunar í leik- og grunnskólum og aukins stuðning við nýbúa. Byrjað var á átaki í tæknivæðingu skólanna með kaupum á skjávörpum og spjaldtölvum auk þess sem verið er að ljúka uppsetningu þráðlausra neta í öllum skólum bæjarins.

Viðamikilið lestrarverkefni var sett af stað með það markmið að auka lestrarfærni hafnfirskra ungmenna. Í fjárhagsáætlun næsta árs er gert ráð fyrir 100 milljónum kr. til að vinna áfram að þessum verkefnum en stefnt er að því að hafnfirskir skólar verði í fremstu röð hvað þessi mikilvægu mál varðar.

**Fjölskylduþjónustan:** Útgjöld hækka um 12% á milli ára eða um 497 m.kr. Mikil áhersla hefur verið á að skapa öllum atvinnuleitendum á fjárhagsstyrk tækifæri til endurkomu á vinnumarkað með tilboði um tímabundið hlutastarf samhliða virkum stuðningi í gegnum Áfram verkefnið. Hækkun á málaflokknum má rekja til húsaleigubóta, liðveislu fatlaðs fólks, dvalar- og vistunarkostnaðar barna og unglinga auk styttingar bótatíma atvinnuleysisbóta.

NPA-verkefnið heldur áfram og nýr búsetukjarni fyrir sex fatlaða einstaklinga verður tilbúinn á vormánuðum. Unnið verður að uppbyggingu fleiri búsetukjarna á árinu. Nýtt fyrirkomulag í ferðaþjónustu fatlaðs fólks fer af stað um áramótin og gert er ráð fyrir að verkefnið „Árvekni gegn heimilisofbeldi“ í samvinnu við lögreglu höfuðborgarsvæðisins hefjist á næsta ári.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun barna á frístundaheimilum árið 2015.

**Skipulags- og byggingarmál:** Áhersla verður á þjónustu tengdri skipulagi, umhverfismálum, byggingareftirliti, lóða- og fasteignamálum ásamt eftirfylgni með að lokið sé við byggingar og frágang lóða með lokaúttekt.

**Umhverfi og framkvæmdir:** Á næsta ári verður viðhald fasteigna, stofnanalóða, viðhald gatna og opinna svæða með svipuðum hætti og var í ár. Áfram verður leitast við að ná fram hagræðingu með útboðum og haldið áfram endurskipulagningu verkferla. Þá má nefna að farið verður í frekari uppbyggingu í Seltúni í tengslum við framkvæmdastyrk sem bærinn fékk frá Framkvæmdasjóði Ferðamálastaða.

Rekstur þeirrar grunnþjónustu sem vatns- og fráveita Hafnarfjarðar veitir verður með líku sniði og undanfarin ár. Markvisst verður stefnt að auknu viðhaldi á veitunum með það að markmiði að auka og bæta öryggi þjónustunnar. Framundan eru endurnýjunarverkefni sem fylgja vexti bæjarins.

**Stjórnsýslan:** Mikil áhersla hefur verið á rafræna þjónustu við bæjarbúa og munum við halda áfram þeirri þróun og auðvelda aðgengi að upplýsingum, bæði til starfsmanna og íbúa. Í Hafnarfirði hefur verið öflugt menningarstarf á liðnum árum og eru Bókasafnið, Byggðasafnið og Hafnarborg þar í fararbroddi.

**Helstu niðurstöður í frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2015 eru eftirfarandi:**

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 178 m.kr. en rekstrarniðurstaða A hluta neikvæð um 398 millj.kr.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 48,3 milljarðar kr. í árslok 2015 og skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 39 milljarðar kr. og eigið fé um 9,3 milljarðar kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1,1 milljarður kr. og samantekið fyrir A og B hluta 2,1 milljarðar kr. sem er rúmlega 10,6% af heildartekjum.
- Á árinu 2015 er ráðgert að greiða niður eldri lán og skuldbindingar að fjárhæð 1,1 milljarð króna.

Farið verður í að rýna skuldir sveitarfélagsins enn frekar en gert hefur verið með það að markmiði að endurfjármagna lán til að ná niður kostnaði.

Starfsfólki bæjarins sem komið hafa að áætlunargerðinni vil ég þakka fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í áætlunina sem nú er til umræðu.

Framundan er vinna sem ætlað er að skapa umhverfi og vettvang til að gera enn betur í rekstri og þjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Vinna sem krefst samvinnu og samstarfs allra sem koma að henni - vinna sem mun skila okkur öflugum sveitarfélagi og koma okkur í fremstu röð sveitarfélaga á landinu.

**Hafnarfirði, 29. október 2014**



Haraldur L. Haraldsson  
bæjarstjóri